

Skíðasamband Íslands
Skíðaping 18.-20. maí 2007



Íþróttamiðstöðinni í Laugardal
Reykjavík

1.	Þingsetning.....	3
2.	Kosning 1. og 2. þingforseta.....	3
3.	Kosning 1. og 2. þingritara	3
4.	Kosning kjörbréfanefndar og kjörnefndar	3
5.	Ávörp gesta	4
6.	Álit kjörbréfanefndar	4
7.	Skýrslur stjórnar og nefnda.....	4
8.	Reikningar framlagðir	5
9.	Umræður um skýrslur stjórnar og reikninga.....	6
10.	Afgreiðsla reikninga.....	6
11.	Fjárhagsáætlun lögð fram	7
12.	Lagðar fram tillögur að breytingum á lögum og reglugerðum SKÍ.....	7
13.	Þinginu skipt upp í þrjár nefndir:	13
14.	Úthlutun móta og verkefna	14
15.	Nefndarálit kynnt	14
16.	Kosningar	17
17.	Önnur mál:	18
18.	Þingslit	19

Föstudagur 18. maí 2007 – kl. 19,00

1. Þingsetning

Daníel Jakobsson, formaður Skíðasambands Íslands, bauð forseta ÍSÍ Ólaf Rafnsson, þingfulltrúa, fulltrúa ÍSÍ Friðrik Einarsson og aðra góða gesti velkomna á Skíðaþing í Reykjavík sem haldið var í húsakynnum ÍSÍ í Laugardal. Hann kynnti að dagskrá þingsins væri með hefðbundnu sniði samkvæmt lögum SKÍ. Það sem var frábrugðið var að á laugardagsmorgun frá 9-12 verði málsstofa um framtíð íþróttarinnar með ráðgjafa frá Capasent ráðgjöf. Hann hvatti fólk til að mæta og taka með sér félagar þar sem þessi málsstofa væri ekki aðeins fyrir þingfulltrúa heldur alla sem áhuga hafa á framgangi skíðaíþróttarinnar í landinu.

2. Kosning 1. og 2. þingforseta

1. Þingforseti: Páll Grétarsson
2. Þingforseti: Einar Þór Bjarnason

3. Kosning 1. og 2. þingritara

1. Þingritari: Kristín Eggertsdóttir
2. Þingritari: Kári Ellertsson

Páll Grétarsson tók við þingstjórn og þakkaði þann heiður að vera treyst fyrir stjórnun þingsins einu sinni enn.

4. Kosning kjörbréfanefndar og kjörnefndar

Kjörbréfanefnd:

- Jensína Magnúsdóttir, IBR/SKRR, formaður
- Una María Óskarsdóttir, UMSK/Breiðablik
- Tómas Ingi Jónsson, IBA/Akureyri

Kjörnefnd

- Auður Björg Sigurjónsdóttir, IBR/SKRR, formaður
- Óskar Óskarsson, UMSE/Dalvík
- Margrét Halldórsdóttir, HSV/Ísafirði

Báðar nefndir tóku strax til starfa undir stjórn Jensínu og Auðar Bjargar.

Þingforseti vakti athygli á því að Glitnir hefði útvegað penna, pappír og nammipakka. Einnig eru rásnúmer SKÍ merkt Glitni.

Þingforseti hafði kynnt sér að rétt var boðað til þessa þings og telst það löglegt samkvæmt lögum SKÍ.

Þingforseti fór yfir dagskrá þingsins og hvatti þingfulltrúa að mæta vel á stefnumótunarfundinn og óvissuferðina á laugardeginu. Hann hvatti fólk til að taka með sé gesti.

5. Ávörp gesta

Ólafur Rafnsson forseti ÍSÍ ávarpaði þingheim og þakkaði hlý orð í hans garð. Í hans orðum kom m.a. fram að hann telur það forréttindi að fá að vera með grasrótinni og þakkaði fyrir boðið á þingið. Hann lýsti yfir ánægju sinni með mjög gott starf SKÍ við erfiðar aðstæður og að skíðahús í Reykjavík væri spennandi kostur fyrir íþróttina þar sem allur útbúnaður væri á staðnum. Ólafur lýsti ánægju sinni yfir vídeó-mynd sem hann var að sjá af skíðahúsi og taldi það marka tímamót ef hægt væri að mæta þar og skreppa á skíði með lítillri fyrirhöfn. Hann hvatti skíðafólk til að fara ekki í varnabaráttu heldur sóknarbaráttu og standa saman gegn þessum samdrætti sem er yfirvofandi á Reykjavíkursvæðinu. Ársreikningur SKÍ er mjög góður og gott að skila hagnaði við þær aðstæður sem hafa verið. Hann óskaði þess að samstarfsaðili SKÍ, Glitnir njóti góðs af samstarfi við skíðafólk. Ólafur óskaði eftir því að fá að heimsækja Andrésar Andar-leikana. Hann kynnti Friðrik Einarsson, fyrrverandi formann SKÍ og nú stjórnarmann hjá ÍSÍ sem tengil skíðaíþróttarinnar hjá ÍSÍ. Friðrik hefur verið aðalhvatamaður að því að mynda tengla innan framkvæmdastjórnar ÍSÍ sem byggir á því að allir notfæri sér það til samstarfs. Daníel hefur verið ötull að sækja í 30 millj. styrk sem kom frá ríkisstjórn til sérsambanda á liðnu ári sem hækkar í 40 millj. á næsta ári og síðan í 60 millj. Hann þakkaði fyrir gott samstarf við núverandi formann SKÍ, óskaði þingheimi velfarnaðar á þingi og flutti kveðjur frá framkvæmdarstjórn Íþróttta og Ólympíusamband Íslands.

Friðrik Einarsson stjórnarmaður ÍSÍ ávarpaði þingheim. Hann er tengill ÍSÍ við skíðahreyfinguna. Hann lýsti yfir mikilli ánægju yfir þeim peningum sem komnir eru til jöfnunar á ferðakostnaði keppnisfólks. Jóhann Torfason hefur verið mikill hvatamaður að þessum styrk. Friðrik fór sem aðalfararstjóri á Olympíudaga Evrópuæskunnar til Spánar. Hann sagði það hafa verið mjög góðir heilbrigðir krakkar sem fóru á mótið ásamt foreldrum. Átta kepptu í svigi og 2 í skíðagöngu sem stóðu sig mjög vel á mótinu. Hann óskaði hreyfingunni alls hins besta og góðs þings. Friðrik hvatti fólk til að hafa samband við sig sem fulltrúa ÍSÍ.

Þinginu barst kveðja (og nokkrir góðir brandarar) frá Kristjáni Vilhelmssyni sem ekki gat mætt á þingið.

6. Álit kjörbréfanefndar

Þar sem kjörbréfanefnd hafði ekki lokið störfum var áliti hennar frestað.

7. Skýrslur stjórnar og nefnda

Daníel Jakobsson, formaður SKÍ, lagði fram skýrslu stjórnar og nefnda SKÍ.

Skýrsla stjórnar:

S.l. ár hefur verið viðburðaríkt að vanda og í miklu að snúast. Hér á eftir fer stutt samantekt af helstu verkefnum SKÍ.

Venju samkvæmt var fyrsta verkefni stjórnar að skipta með sér verkum.

Aðalmenn:

- Daníel Jakobsson, formaður
- Páll Grétarsson, varaformaður og formaður móta-og aganefndar
- Örn V. Kjartansson, gjaldkeri og formaður fjárhagsnefndar
- Kristín Eggertsdóttir, ritari og formaður laga-og reglugerðarnefndar
- Birgir Gunnarsson, formaður skíðagöngunefndar
- Guðmundur Jakobsson, formaður alpagreinaneftndar
- Helgi Gerharðsson formaður mannvirkjanefndar

Varamenn:

- Árni Sæmundsson, formaður fræðslunefndar
- Kristján Vilhelmsson, fjárhagsnefnd
- Ómar Kristjánsson, fjárhagsnefnd

Stjórnin hélt 8 formlega fundi á starfsárinu.

Að öðru leiti er vísað til skýrslu stjórnar og nefnda sem lögð var fram á þinginu.

Þingforseti benti þingheimi á að lesa þinggögnin og kynna sér efni þeirra. Benti hann sérstaklega á í skýrslu mótanefndar um eftirlitsmenn og tilfærslur móta og viðbrögð hreyfingarinnar.

Í Skýrslu nefnda SKÍ eru:

1. Skýrsla stjórnar
2. Skýrsla skíðagöngunefndar
3. Skýrsla alpagreinaneftndar
4. Skýrsla mótanefndar SKÍ
5. Skýrsla mannvirkjanefndar
6. Skýrsla fræðslu-og útbreiðslunefndar
7. Útbreiðslunefnd

8. Reikningar framlagðir

Örn Kjartansson gjaldkeri SKÍ lagði fram endurskoðað reikninga SKÍ fyrir starfsárið 2006-2007.

Örn fór yfir lykiltölur í reikningum. Tekjur og gjöld eru umtalsvert lærri í ár en í fyrra þar sem það var ólympíuár. Hann upplýsti að gerð hafi verið varúðarfærsla 1 millj. í afskrifuðum viðskiptakröfum en þær eru kr. 1.396 þús. Tekjur eru 61.600 þús.kr. og rekstrargjöld tæplega 61.000 þús.kr. Afkoma fyrir fjármunatekjur og fjárhagsgjöld er 1.509 þús.kr., eftir vaxtatekjur og vaxtagjöld er hagnaður kr. 1.018 þús.kr. Handbært fé er 4.514.kr. Eigið fé er 1.974 þús.

Örn lagði fram ítarlegar skýringar með ársreikningi þar sem hver liður er sundurliðaður og fór hann yfir þær.

Þakkaði Örn, Ómari Kristjánssyni fyrir góða hjálp við að setja upp reikningana og færa bókhaldið.

20 mín. hlé á þingstörfum og boðið upp á kaffi og kex.

Liður nr. 6 - Störf kjörbréfanefndar

Jensína Magnúsdóttir, formaður kjörbréfanefndar fór yfir mætingu og bað menn að gefa merki þegar hún las þá upp.

UMSS – 2 fulltrúar:

- ✓ Viggó Jónsson
- ✓ Rannveig Helgadóttir

ÚÍÓ/Skíðafélag Ólafsfjarðar – 3 fulltrúar, 1 mætti með umboð:

- ✓ Björn Þór Ólafsson (umb. Ólafur Óskarsson)

Íþróttabandalag Akureyrar – 5 fulltrúar:

- ✓ Tómas Ingi Jónsson
- ✓ Þórunn Harðardóttir
- ✓ Dagbjartur Halldórsson
- ✓ Margrét Melstad
- ✓ Ólafur Björnsson

IBR/SKRR – 6 fulltrúar, 5 mættir:

- ✓ Auður Björg Sigurjónsdóttir
- ✓ Guðrún Harðardóttir
- ✓ Jensína Magnúsdóttir
- ✓ Árni Rúdólfsson
- ✓ Auðunn Kristinsson

HSV – 5 fulltrúar – 5 mættir með 1 umboð:

- ✓ Margrét Halldórsdóttir
- ✓ Friðgerður G. Ómarsdóttir
- ✓ Guðmundur Jens Jóhannsson
- ✓ Guðfinna Hreiðarsdóttir (gefur Guðm. J. umb. v/sunnudags)
- ✓ Benedikt Hermannsson

UMSK – 3 fulltrúar - 1 varamaður:

- ✓ Una María Óskarsdóttir
- ✓ Hannes Blöndal
- ✓ Jóhann Ólafur Jónsson
- ✓ Eygló R. Sigurðardóttir, varamaður

UMSE, Skíðafélag Dalvíkur – 4 fulltrúar, 3 mættir með 2 umboð

- ✓ Óskar Óskarsson (umb. Snæþór Arnþórsson)
- ✓ Björgvin Hjörleifsson (umb. Sveinn Brynjólfsson)
- ✓ Snæþór Arnþórsson (gefur Óskar umb. v/sunnudags)

Rétt til þingsetu eiga 41 fulltrúar frá 13 samböndum. Mættir eru 24 aðalfulltrúar með 4 umboð og 1 varamaður frá 7 samböndum.

9. Umræður um skýrslur stjórnar og reikninga

Það bað enginn um orðið þrátt fyrir að forseti hvatti menn ítrekað.

10. Afgreiðsla reikninga

Reikninga voru samþykktir samhljóða.

11. Fjárhagsáætlun lögð fram

Daníel Jakobsson, formaður SKÍ lagði fram tillögu að fjárhagsáætlun frá 1. maí 2007 til 30. apríl 2008. Gert er ráð fyrir tekjum 28,5 milljónir og gjöldum 27,3 milljónir. Áætlunin gerir ráð fyrir 555 þús.kr. í hagnað eftir vaxtatekjur og gjöld. Í skýringum sem gjaldkeri fór yfir komu fram sundurliðanir á verkefni.

Daníel upplýsti að allur kostnaður og styrkir vegna verkefna og landsliða fari í gegnum reikninga SKÍ.

Fjárhagsáætlun lögð fram sem þingskjal nr. 1. og vísað til útbreiðslu- og fjárhagsnefndar og til umræðu hjá alpagreina- og skíðagöngunefnd.

12. Lagðar fram tillögur að breytingum á lögum og reglugerðum SKÍ

Þingforseti kynnti eftirfarandi tillögur.

Þingskjal nr. 2

Lagt fram af Framkvæmdastjórn ÍSÍ

Tillaga um orðalagsbreytingu á 9. grein laga SKÍ

9. grein laga SKÍ er eftirfarandi:

Aukapung má halda, ef nauðsyn krefur eða helmingur aðildarféлага óska þess. Allur boðunar- og tilkynningarfrestur til aukapings má vera helmingi styttri en til Skíðapings. Fulltrúar á aukapungi eru þeir sömu og voru á síðasta Skíðapungi og gilda sömu kjörbréf. Þó má kjósa að nýju í stað fulltrúa sem er forfallaður. Á aukapungi má ekki gera laga- eða reglugerðabreytingar og ekki kjósa stjórn nema bráðabirgðastjórn, ef meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum. Að öðru leiti gilda um það sömu reglur og um Skíðapung.

Eftir breytingu hljóði greinin þannig:

Aukapung má halda, ef nauðsyn krefur **að mati stjórnar** eða helmingur aðildarféлага óska þess. Allur boðunar- og tilkynningarfrestur til aukapings má vera helmingi styttri en til Skíðapings. Fulltrúar á aukapungi eru þeir sömu og voru á síðasta Skíðapungi og gilda sömu kjörbréf. Þó má kjósa að nýju í stað fulltrúa sem er forfallaður. Á aukapungi má ekki gera laga- eða reglugerðabreytingar og ekki kjósa stjórn nema bráðabirgðastjórn, ef meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum. Að öðru leiti gilda um það sömu reglur og um Skíðapung.

Greinagerð:

Á fundi framkvæmdastjórnar ÍSÍ 14. september 2006 var gerð athugasemd við 9. grein laga SKÍ þar sem fjallað er um aukapung og þeim tilmælum beint til SKÍ að taka til athugunar á næsta þingi sambandsins þessa breytingu á orðalagi.

Afgreiðsla:

Vísað til útbreyðslu- og fjárhagsnefndar

Pingskjal nr. 3.

Flutningsaðili: Stjórn SKÍ / Kári Ellertsson

Innheimta mótagjalda

Lagt er til að skrifstofa SKÍ annist innheimtu mótagjalda v. bikarmóta, Skíðamóts Íslands, Unglingameistaramóts Íslands og Íslandsgöngu.

Mótagjöld verði innheimt skv. gjaldskrá SKÍ.

Mótagjöld verði innheimt á grundvelli úrslita úr mótum og færð á viðskiptareikning félaganna hjá SKÍ.

Mótagjöld verði einungis greidd fyrir þá keppendur sem mæta til leiks, þó þannig að keppandi telst hafa mætt til leiks hafi hann verið tilkynntur til keppni og beiðni um afskráningu ekki borist á farastjórafundi.

Uppgjör fari fram mánaðarlega með útsendingu greiðsluseðils til þeirra félaga sem skulda mótagjöld. Mánaðarlegur gjalddagi verði 4. dagur næsta mánaðar og eindagi viku síðar.

Uppgjör SKÍ við mótshaldara verði viku eftir eindaga.

Greinargerð:

Nokkuð hefur borið á vandkvæðum við innheimtu mótagjalda undanfarin ár, mikil vinna hefur farið í eftirrekstur félaga við að fá greidd mótagjöld og leiðindi oftast en ekki skapast af.

Mismunandi túlkun á hverjir eigi að greiða mótagjöld verður úr sögunni ef þessi tillaga verður samþykkt. Innheimt veður á grundvelli úrslita, þannig að allir sem þátt taka í viðkomandi mótí greiða mótagjöld.

Með þessari tillögu er lagt til að innheimtu mótagjalda verði komið í fastan farveg sem mun minnka umsýslu félaganna.

Afgreiðsla:

Vísað til útbreyðslu-og fjárhagsnefndar, aðrar nefndir mega fjalla um þetta.

Pingskjal nr. 4

Flutningsaðili: Stjórn SKÍ / Kári Ellertsson

Gjaldskrá SKÍ

Gjöld til SKÍ 2006-2007

- | | | |
|--------------------------------------|---|-------------------|
| • Félagsgjald | kr. 15.000 pr. hérað og 5.000 pr. félag | |
| • Gjald fyrir eftirlitsmannanámskeið | kr. 12.500 pr. hérað | |
| • Gjald fyrir eftirlitsmann á mótum | kr. 13.000 pr. mót | |
| • Gjald fyrir keppnisleyfi SKÍ | kr. 5.000 | |
| ○ Aukaálag eftir 1. desember | kr. 3.000 | |
| • Gjald fyrir keppnisleyfi FIS | skv. ákvörðun FIS | |
| ○ Prefalt gjald eftir 1. september | | |
| • Gjald fyrir félagaskipti | kr. 10.000 | helmingur til SKÍ |
| • Mótagjöld: | | |
| ○ Bikarmót SKÍ | kr. 1.500 pr. grein, | helmingur til SKÍ |
| ○ FIS og/eða Skíðamót Íslands | kr. 5.000 pr. grein, | helmingur til SKÍ |

○ Entry League FIS mót	kr. 2.500 pr. grein,	helmingur til SKÍ
○ Unglingameistaramót	kr. 1.500 pr. grein,	helmingur til SKÍ
○ Andrés Andar leikar	kr. 1.500 pr. grein,	helmingur til SKÍ
○ Almenningsgöngur 12-15 ára	kr. 800	helmingur til SKÍ
○ Almenningsgöngur 16 ára og eldri	kr. 1.500	helmingur til SKÍ

Mótshaldara er skylt að gera upp við SKÍ, eftirlitsmannagjald og innheimt keppnisgjöld eigi síðar en 7 dögum eftir mótslok.

Stjórn SKÍ er heimilt að reikna dráttarvexti af skuldum aðildarféлага og viðskiptamanna við SKÍ á eftirfarandi hátt:

- Dráttarvextir reiknist 30 dögum frá dagsetningu reiknings.
- Vextir miðast við dráttarvexti Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

Endurskoðist árlega á skíðaþingi.

Afgreiðsla:

Vísað til útbreyðslu- og fjárhagsnefndar.

Pingskjal nr. 5

Flutningsaðili: Skíðafélag Ísafjarðar / Margrét Halldórsdóttir

Skíðafélag Ísfirðinga óskar eftir því að komið verði upp mótaskrá þar sem opin mót allra féлага sem áhuga hafa verði skráð.

Afgreiðsla:

Vísað til útbreyðslu- og fjárhagsnefndar.

Pingskjal nr. 6

Flutningsaðili: Stjórn SKÍ / Kári Ellertsson

Tillaga stjórnar SKÍ um úthlutun á Skíðamóti Íslands.

Umsókn um að fá að halda Skíðamót Íslands skal berast stjórn SKÍ fyrir 1. apríl ári áður en mótið fer fram. Dæmi: Umsókn fyrir Skíðamót Íslands 2009 skal berast stjórn SKÍ eigi síðar en 1. apríl 2008.

Stjórn SKÍ fer yfir innsendar umsóknir og úthlutar mótinu á Skíðaþingi. Ef engar óskir um að fá Skíðamót Íslands berast stjórn SKÍ hefur stjórnin heimild til þess að framlengja skilafresti til 15. Apríl. Hafi engin umsókn borist fyrir þann tíma, er stjórn SKÍ frjálst að úthluta mótinu án umsóknar á næsta Skíðaþingi.

Umsókn um Skíðamót Íslands skal m.a. innihalda eftirtalda liði:

1. Keppnisstaður

- Upplýsingar um hvar kept verður í alpagreinum og skíðagöngu.
 - Hvernig brekkur eru byggðar og brautalagningu er háttað í skíðagöngu.
 - FIS númer á brekkum og brautum skulu fylgja umsókn séu svæðin úttekin.

2. Dagskrá

- a. Staðfesting á að mögulegt sé að uppfylla kröfur SKÍ um þær keppnisgreinar sem eiga að vera á Skíðamóti Íslands skv. reglugerð SKÍ.
- b. Dagskrá mótsins sett niður m.t.t. áhorfenda og sjónvarps.

3. Gisting

- a. Tilgreina hvernig á að mæta gistiþörf miðað við áætlaðan fjölda keppenda, fylgdarliðs og áhorfenda. Skilgreina gistiþátt miðað við:

Tegund gistingar	Fjöldi hótela	Fjöldi herbergja	Fjöldi rúma
Hótel*****			
Hótel****			
Hótel***			
Hótel**			
Hótel*			
Gistiheimili -uppábúin rúm			
Gistiheimili -ekki uppábúin rúm			
Íbúðir -uppábúin rúm			
Íbúðir -ekki uppábúin rúm			
Aðrir möguleikar			

4. Ferðir

- a. Hvernig á að skipuleggja ferðir fyrir keppendur á mótssstað, sérstaklega skal mótshaldari leggja fram upplýsingar um flugsamgöngur og hvernig þær falla að fyrirhuguðu mótshaldi.
- b. Hvernig á að skipuleggja ferðir fyrir áhorfendur milli gisti-og keppnisstaðar, eigin bílar eða verða skipulagðar ferðir á vegum mótshaldara, tilgreina fjölda bílastæða á keppnisstað.

5. Starfsfólk

- a. Yfirlit yfir fjölda starfsfólks sem starfa mun við mótshaldið.
- b. Tilgreina a.m.k. nöfn mótssstjóra, greinastjóra alpagreina, greinastjóra skíðagöngu og fjölmiðlafulltrúa.
- c. Staðfesting á að mótshaldari muni uppfylla lágmarkskröfur SKÍ um fjölda starfsmanna og hlutverk þeirra.

6. Umgjörð fyrir keppendur og farastjóra

- a. Hvernig verður aðbúnaði fyrir keppendur og farastjóra háttað.
- b. Staðfesting á að mótshaldari muni uppfylla lágmarkskröfur SKÍ.horfendur

7. Umgjörð fyrir áhorfendur

- a. Hvernig á að standa að umgjörð fyrir áhorfendur, áhorfendasvæði, upplýsingar til áhorfenda, hvernig ætlar mótshaldari að laða að áhorfendur, hvaða atburðir verða fyrir utan sjálf mótin, sem sérsniðin eru að áhorfendum.
- b. Staðfesting á að mótshaldari muni uppfylla lágmarkskröfur SKÍ.

8. Umgjörð fyrir fjölmiðla

- a. Hvernig á að standa að umgjörð fyrir fjölmiðla, aðbúnað, gistingu, fæði, ferðir til og frá keppnisstað, aðstöðu til að senda frettir af mótinu.
- b. Staðfesting á að mótshaldari muni uppfylla lágmarkskröfur SKÍ.

9. Verðlaunaafhendingar, setning og slit mótsins

- a. Hvernig verður staðið að verðlaunaafhendingu, setningu og slitum á mótinu.
- b. Staðfesting á að mótshaldari muni uppfylla lágmarkskröfur SKÍ.

10. Auglýsingamál

- a. Hvernig á að standa að auglýsingu á mótinu gagnvart almenningi, fjölmiðlum og keppendum.
- b. Hvernig á að standa að auglýsingum af mótinu, dagskrá, framvindu og helstu sigurvegurum.
- c. Staðfesting á að mótshaldari muni uppfylla lágmarkskröfur SKÍ.

Afgreiðsla:

Vísað til útbreyðslu- og fjárhagsnefndar.

Þingskjal nr. 7

Flutningsaðili: Stjórn SKÍ

Mótamál

Lögð er til grundvallarbreyting á mótahaldi skíðahreyfingarinnar á Íslandi.

Unglingameistaramót aflagt

Lagt er til að Unglingameistaramót verði aflagt. Þess í stað verði Íslandsmeistarar í flokkum 13 og 14 ára krýndir á Andrésar Andar leikum og Íslandsmeistarar í flokki 15-16 ára krýndir á Skíðamóti Íslands.

Skíðamót Íslands

Til viðbótar við núverandi flokkaskiptingu verði krýndir Íslandsmeistarar í flokki 15-16 ára unglunga.

Mótaskrá

Mótaskrá verði ákveðin í eftirfarandi þrepum:

1. Tímasetning Skíðamóts Íslands ákveðin Mótshaldari/mótanefnd SKÍ
2. Tímasetning bikarmóta ákveðin Mótanefnd SKÍ
3. Tímasetning FIS móta ákveðin Mótanefnd SKÍ

4. Bikarmót boðin út
5. FIS mót boðin út

Afgreiðsla:

Vísað til alpagreina-, skíðagöngu- og útbreyðslu- og fjárhagsnefndar.

Ályktanir**Ályktun 1****Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins**

Skíðaðing haldið í Reykjavík 18.-20. maí 2007 lýsir þungum áhyggjum skíðahreyfingarinnar af viðvandi snjóleysi á skíðasvæðum höfuðborgarsvæðisins. Mörg undanfarin ár hefur opnunardögum á svæðunum fækkað jafnt og þétt

Síðustu ár hefur verið unnið ötullega að uppbyggingu skíðasvæðisins í Bláfjöllum og þar m.a. komið upp afkastamestu skíðalyftu landsins. En betur má ef duga skal, skíðasvæði á borð við Bláfjöll eða Skálafell virðast dæmd til glötunar nema til kom snjóframleiðsla. Óhætt era þ fullyrða að ef snjóframleiðsla hefði notið við á þessum svæðum væri skíðahreyfingin ekki í þeirri stöðu nú að hafa þurft að flytja bæði Skíðamót Íslands og Unglingameistaramót Íslands í aðra landshluta á liðnum vetri. Að óbreyttu er ekki útlit fyrir að stórmót á skíðum fari fram á höfuðborgarsvæðinu í framtíðinni.

Skíðaðing hvetur sveitafélögin sem aðild eiga að rekstri skíðasvæðanna til að taka höndum saman um að tryggja fjárveitingar til áframhaldandi reksturs svæðanna og nauðsynlegra fjárfestinga til að fullbúa skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins þeim búnaði sem nauðsynlegur er til að reka skíðasvæði í fremstu röð.

Ályktun II**Skíðahús í Úlfarsfelli**

Skíðaðing haldið í Reykjavík 18.-20. maí 2007 hvetur sveitafélögin á höfuðborgarsvæðinu, Vetrariþróttamiðstöð Íslands og aðila í ferðapjónustu til að skoða gaumgæfilega fyrirliggjandi tillögur um byggingu skíðahúss í Úlfarsfelli.

Skíðahreyfingin telur að með byggingu þessa mannvirkis yrði stigið stórt skref í að færa Ísland í fremstu röð varðandi aðstöðu til skíðaiðkunar með stórauðnum tækifærum bæði keppnisfólks og almennings til að stunda íþróttina við framúrskarandi aðstæður allan ársins hring. Þá telur hreyfingin að bygging skíðahúss muni styrkja þessa vinsælustu fjölskylduþrótt landsins og styðja við önnur skíðasvæði landsins í bráð og lengd.

Ályktun III **Samstarf um afreksþjálfun**

Skíðaþing haldið í Reykjavík 18.-20 maí 2007 hvetur aðildarfélög sín til að leita allra mögulegra leiða til samstarfs um þjálfun afreksfólks. Sérstaklega er bent á nauðsyn þess að með samstarfi megi nýta betur fjármuni og aðstöðu v. þjálfunar eldri aldursflokka sem oftast en ekki er fámennir og því mörgum félögum fjárhagslega ofviða að halda úti faglegu metnaðarfullu starfi.

Afgreiðsla:

Allar nefndir hafi skoðun á ályktunum.

Páll Grétarsson kynnti atburða-dagatal sem verður á heimasíðu SKÍ með öllum helstu viðburðum sem SKÍ stendur fyrir. Dagatalið er ekki fullbúið.

Þingi frestað kl. 21,10 til kl. 9,00 á laugardegi.

Laugardagur 19. maí – kl. 9,00

Halldóra Hinriksdóttir frá Capasent, ráðgjöf mætti með verkefni fyrir þingfulltrúa. Þinginu var skipt í 5 vinnuhópa sem gera grein fyrir umræðu og niðurstöðu á verkefni sem hún lagði fyrir um hvernig efla megi skíðaíþróttina á Íslandi.

Matarhlé frá 12,25 – 13,15 og var boðið uppá léttan hádegisverð á Kaffi ÍSÍ.

13. Þinginu skipt upp í þrjár nefndir:

1. alpagreinanevnd
2. trimm- og skíðagöngunefnd
3. útbreiðslu- og fjárhagsnefnd.

Farið var í óvissuferð kl. 16,30. Ekið var sem leið lá að Úlfarsfelli og þar kynnti Helgi Geirharðsson fyrirhugaða legu skíðahúss og síðan var farið í Elliðárstöð þar sem Auður Björg Sigurjónsdóttir tók á móti hópnum í boði Orkuveitu Reykjavíkur með veglegum veitingum. Þaðan var ekið sem leið lá til Hafnarfjarðar í Fjörukrána með viðkomu heima hjá Páli Grétarssyni í Garðabæ.

Sunnudagur 20. maí – kl. 9,30**14. Úthlutun móta og verkefna**

- Skíðamót Íslands 2009 Akureyri
- Unglingameistaramót 2009 Ísafjörður
- Kópaprek 2008 Breiðablik
- Skíðaþing 2008 Ísafjörður

Mótaskrá 2008

- Skíðamót Íslands 2008 Ísafjörður
- Unglingameistaramót 2008 Akureyri

15. Nefndarálit kynnt (hér vantar fundargerðir nefnda sem ég var búin að fá en finn ekki og er ekki á upptöku)

Skýrsla alpagreinaneftndar, flutningsmaður Guðmundur Jakobsson

Dagný verður ekki áfram með sænska landsliðinu á æfingum. Alpagreinaneftndin hefur verið að leita að þjálfara í Evrópu en ekki gengið að finna hann. Hún hefur verið að æfa ein með þjálfara sem er þægilegt en samt erfitt. Samningur við Hauk Bjarnason er í vinnslu og verður sennilega gengið frá honum í næstu viku, sem er mjög ánægjulegt því hann er með mikla reynslu. Búið er að vinna að því að Dagný geti æft með stóru liðunum í Evrópu og hentar það henni mjög vel. Þar sem þjálfarinn er íslenskur er hægt að skoða þann möguleika að yngri íslenskar skíðastelpur fá leiðsögn frá honum. Rætt var í nefndinni hvernig hægt væri að útfæra verkefni alpagreinaneftndar betur. Málið er þannig að það vilja allir koma en ekki hægt að taka við öllum. Hugmynd frá Dalvík að taka krakka á vissum aldri í fóstur eins og þeir hafa verið að gera. Akureyringar nefndu að hægt væri að halda æfingubúðir að vori á snjó á Akureyri í líkingu við Kópaprek. Allt byggist þetta á því að það fáiast mannskapur til að hjálpa til. Þetta var það helsta sem rætt var fyrir utan tillögurnar sem verða teknar á eftir. Nefndin styður allar ályktanirnar. Með bættri aðstöðu í Bláfjöllum verður auðveldara að stunda skíði og með Skíðahúsi er framtíðin björt. Það vantar æfinga og keppnisvelli fyrir skíðafólk, þar sem almenningur er ekki að renna sér. Það eykur til muna öryggi og ætti að fækka slysum. Það urðu fá slys á síðasta vetri, 3 alvarleg krossbandaslys og 1 mjög alvarlegt slys sem varð ekki á æfingu heldur í frjálsri skíðun. Það er mjög hættulegt að vera að æfa þar sem almenningur er að renna sér.

Skýrsla útbreyðslu- og fjárhagsneftndar, flutningsmaður Auðunn Kristinsson

Nefndin fór í gegnum þingskjölin og ályktanir. Mestar umræður urðu um gjaldskrá SKÍ og eftirlitsmannáttinn. Það er erfitt að fá eftirlitsmenn á mót og þess vegna leggur nefndin til að hann fái dagpeninga á mótum og gjaldskrá verði breytt í samræmi við það. Nefndin telur það til mikilla bóta að hafa öll opin mót á einum stað á vefnum eins og fram kemur í tillögu Ísfirðingana. Ályktanirnar voru allar samþykktar.

Skýrsla skíðagöngunefndar, flutningsmaður Birgir Sævarsson

Tillögur og ályktanir afgreiddar:

Formenn nefnda voru í forsvari fyrir sína nefnd þegar tillögur voru afgreiddar.

Þingskjal nr. 1 frestað þar til síðar.

Þingskjal nr. 2 samþykkt óbreytt í öllum nefndum og af þingheimi.

Þingskjal nr. 3 samþykkt óbreytt í öllum nefndum og af þingheimi.

Þingskjal nr. 4 samþykkt með áorðnum breytingum frá útbreyðslu-og fjárhagsnefnd og skíðagöngunefnd sem hljóðar svo:

Gjöld til SKÍ 2007-2008

• Félagsgjald	kr. 15.000 pr. hérað og 5.000 pr. félag	
• Gjald fyrir eftirlitsmannanámskeið	kr. 12.500 pr. hérað	
• Gjald fyrir eftirlitsmann á mótum	kr. 15.000 pr. mót	
• Dagpeningar eftirlitsmanns	kr. 10.000 pr. keppnisdag gr. ½ af MH ½ SKÍ	
• Gjald fyrir keppnisleyfi SKÍ	kr. 5.000	
o Aukaálag eftir 1. desember	kr. 3.000	
• Gjald fyrir keppnisleyfi FIS	skv. ákvörðun FIS	
o Þrefalt gjald eftir 1. september		
• Gjald fyrir félagaskipti	kr. 10.000	helmingur til SKÍ
• Móttagjöld:		
o Bikarmót SKÍ	kr. 1.750 pr. grein,	helmingur til SKÍ
o FIS og leða Skíðamót Íslands	kr. 5.000 pr. grein,	helmingur til SKÍ
o Skíðamót Íslands	kr. 3.500 pr. grein	helmingur til SKÍ
o Entry League FIS mót	kr. 2.500 pr. grein,	helmingur til SKÍ
o Unglingameistaramót	kr. 1.750 pr. grein,	helmingur til SKÍ
o Andrés Andar leikar	kr. 1.750 pr. grein,	helmingur til SKÍ
o Almenningsgöngur 12-15 ára	kr. 900	helmingur til SKÍ
o Almenningsgöngur 16 ára og eldri	kr. 1.750	helmingur til SKÍ

Mótshaldara er skylt að gera upp við SKÍ samkvæmt reglugerð um Innheimtu móttagjalda.

Endurskoðist árlega á skíðaþingi.

Þingskjal nr. 5 samþykkt óbreytt af öllum nefndum og þingheimi.

Þingskjal nr. 7 tekið fram fyrir þingskjal nr. 6, eftir ábendingu frá *Björgvin*, þar sem það mun hafa áhrif á þingskjal nr. 6.

Þingskjal nr. 7 er fellt í öllum nefndum og af þingheimi.

Þingskjal nr. 6 samþykkt af öllum nefndum með áorðnum breytingum eftir miklar umræður. Þær eru að bætt er við í heiti og verður það þannig: **Úthlutun Skíðamóts Íslands og Unglingameistaramóts Íslands.** Umræða um skjalið varð eftirfarandi: Skíðasamband Íslands þarf að gera lágmarkskröfur til mótshaldara og kynna þær. Á Skíðaþingi 2008 verður ekki úthlutað móti en farið að vinna eftir reglugerðinni veturinn 2008. *Kristín* spyr hvort 1 ár er ekki of lítil tími fyrir undirbúning fyrir stórmót. *Auður Björg* upplýsir að um leið og sótt er um stórt mót er farið að undirbúa það og vinna að því og var það gert í Reykjavík fyrir síðasta Landsmót sem þurfti síðan að flytja vegna snjóleysis á skíðasvæðum Rvk.. *Björgvin* taldi þetta of stuttur tími og að við værum farin að vinna gegn sjálfum okkur með of stífum reglum. *Dagbjartur* taldi þetta nægan tíma þar sem fólk væri byrjað að vinna áður en það sækti um mótið, þekking og reynsla er til staðar. *Viggó* spurði reynsluboltana hvort

ekki þurfi lengri tíma til að koma beiðni um styrki til fyrirtækja. *Daníel* tók undir hjá Dagbjarti um að vinna sé hafin áður en sótt er um mótið, sveitafélagið og fyrirtæki ætli að styrkja mótið á einn og annan hátt. Senda með umsókn loforð um hverjir ætli að styrkja mótið og hvernig það verði útfært. *Björn Þór* tók undir með Björgvini að það sé sterkara að vera búin að fá úthlutað móti þegar sótt er um styrki frekar en að ætla að sækja um það. *Auður Björg* benti á að það stendur hvergi að það megi ekki úthluta með lengri fyrirvara en 1 ári. *Einar Þór* benti á að það er hægt að undirbúa sig fyrir umsókn en 2 ár er langur tími hjá skíðafélagi og enginn veit hvernig staðan hjá félaginu er þá. *Óskar* benti á að Skíðamót Íslands hefur verið haldið á fáum stöðum og komin viss reynsla á þeim og þarf ekki lengri en 1 ár til undirbúnings. Ef mótið er haldið á stað sem ekki hefur haldið mót lengi og þarf að gera einhverjar miklar úrbætur er 1 ár stuttur tími. Kallar eftir metnaði hjá félögum að vera tilbúnir að taka við SMÍ með 1 árs fyrirvara. *Páll* benti á að SKÍ þyrfti að hafa eitthvað verkfæri til að velja stað til að halda mótið. Þegar lágmarkskröfurnar verða tilbúnar geta skíðafélög farið með þær til síns bæjarfélags og upplýst að þeir ætli að sækja um mót en fá það ekki nema með því að uppfylla þær. *Jensína* telur að 1 ár sé nóg með tilkomu samnings við Glitnir þar sem mótshaldari fær númeraröð og kr. 800.000 í styrk til að halda mótið. *Daníel* telur að skíðadeildir séu í betri stöðu áður en þeir fá mótið heldur en eftir, þar sem þarf að uppfylla lágmarkskröfur. *Björn Þór* varar við pressu sem sett er á minni félögin. *Páll* kallar eftir tillögu sem ekki kemur. Ber upp þingskjalið og það samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 1 samþykkt með breytingum frá útbreiðslu- og fjárhagsnefnd. *Auðunn* gerði grein fyrir breytingum. Færa 300 þús vegna Framlag til Mannvirkja í gjöld. Lottótekjur hækkaðar úr 3.8 millj. í 3.9 millj. Auglýsingatekjur aðrar hækka úr 1.2 millj. í 1.4 millj. Laun lækka úr 5.5 millj. í 5.3 millj. Annar rekstur á skrifstofu lækkar úr 1.6 millj. í 1.550 þús. og funda og ferðakostnaður lækkar úr 950 þús. í 900 þús. Hagnaður óbreyttur 555 þús kr.

Alpagreinanevnd vill að hluti af peningum sem er þeim ætlað fari í unglingsstarf.

Skíðagöngunefnd gerir ekki athugasemd.

Samþykkt samhljóða

Ályktun nr. 1 er vísað til stjórnar SKÍ til frekari úrvinnslu í samráði við SKRR eftir að Auður Björg las upp bréf frá SKRR um sama efni.

Ályktun nr. 2 er samþykkt óbreytt í öllum nefndum og þingheimi.

Ályktun nr. 3 er samþykkt óbreytt í öllum nefndum og þingheimi.

16. Kosningar

Auður Björg þakkaði samnefndarmönnum sínum fyrir vel unnin störf þar sem hún gat ekki setið þing á laugardegi og bað Óskar um að gera grein fyrir störfum nefndarinnar.

Óskar Óskarsson gerði grein fyrir störfum kjörnefndar og lagði fram eftirfarandi skipan stjórnar og nefndar SKÍ:

Kosning stjórnar skv. 11 gr.

Formaður SKÍ (til eins árs)	Daníel Jakobsson
Aðrir í stjórn (til 2ja ára)	Guðmundur Jakobsson
	Páll Grétarsson
	Þórunn Sif Harðardóttir
Varastjórn (til 1 árs, afbrigði)	Óskar Garðarsson (í stað Kristínar)
	Árni Sæmundsson
	Kristján Vilhelmsson
	Örn Kjartansson
Endurskoðendur:	
Aðalmenn	Ottó Leifsson
	Hildur Ástþórsdóttir
Til vara	Axel Alfreðsson
	Óskar Óskarsson
Skíðadómstóll	
Aðalmenn	Hans Kristjánsson
	Ingi Þór Hermannsson
	Jensína Magnúsdóttir
Til vara	Gísli Einar Árnason
	Kristinn Hauksson
	Páll Grétarsson
Alpagreinanevnd	Dagbjartur Halldórsson
	Einar Þór Bjarnason
	Sveinn Brynjólfsson
	Yngvi Geir Ómarsson
Skíðagöngunefnd	Heimir Hansson
	Ólafur Björnsson
Trimmnefnd	Einar Yngvason
	Heimir Hansson
	Ingbór Bjarnason
Fræðslu-og útbreiðslunefnd	Björn Gunnarsson
	Ólafur Björnsson
	Björn Þór Ólafsson
	Árni Sæmundsson
Mannvirkjanefnd	Guðmundur Ingi Ásmundsson
	Örn Kjartansson

Móta-og aganefnd	Óskar Óskarsson Benedikt Hermannsson Kári Jóhannesson
Fjárhagsnefnd	Unnar Hermannsson Sigurður Kiernan
Laga-og reglugerðanefnd	Auður Björg Sigurjónsdóttir Ástvaldur Kristinsson Kristín Eggertsdóttir
Punktaformaður alpagreina	Elmar Hauksson
Punktaformaður skíðagöngu	Þróstur Jóhannesson
Sögunefnd	Friðrik Einarsson, formaður
Stefnumótanefnd (Capasent)	Margrét Halldórsdóttir Guðrún Harðardóttir Björn Gunnarsson Una María Óskarsdóttir Árni Rúdólfsson

Þingforseti kallar eftir öðrum framboðum sem ekki komu fram.

Tillaga kjörnefndar samþykkt með lófaklappi.

17. Önnur mál:

Kristín Eggertsdóttir þakkaði fyrir gott samstarf með stjórninni sem hefur verið skemmtilegt. Lýsti yfir vonbrigðum yfir því að ekki væru fleiri konur kosnar í stjórn. Vakti athygli á því hvað erfitt var að fá upplýsingar um göngu á landsmóti á Akureyri. Það þarf að tengja betur á milli greina á stórmótum og hafa upplýsingar aðgengilegar þegar verið er að fresta keppni. Hún lýsti ánægju yfir því að sitja áfram í þeirri góðu nefnd, Laga-og reglugerðanefnd.

Viggó óskaði nýkjörinni stjórn til hamingju með kjörið og þakkaði fráfarandi stjórn fyrir gott starf. Upplýsti að það væri áætlað að setja upp mikið af snjógirðingum á skíðasvæðinu á Tindastóli í sumar og stefnt að því að ljúka við að setja upp snjóframleiðslukerfi sem á að taka í notkun 26. október n.k. á 100 ára afmæli Ungmannafélagsins Tindastóls. Hann vonar að við fáum gott haust með snjó og til snjóframleiðslu og vonast til að sjá þá sem flesta á skíðasvæðinu.

Margrét Gardarsdóttir bað um orðið:

- Vildi hún biðja skíðafélög um að sjá til þess að öll skíðabörn væru tryggð. Ísfirðingar lentu í alvarlegu slysi á einum keppanda í vetur en sem betur fer var félagið með tryggingu sem er ekki hjá öllum félögum.
- Mál sem Ísfirðingar ætluðu að koma með inn á þingið var ekki tilbúið en það var um eftirlitsmenn. Fagnaði hún því að það ætti að halda námskeið í haust og greiða eftirlitsmönnum fyrir unnið starf. Spurning hvort það er eftirlit með eftirlitsmönnum? Skila þeir skýrslum? Ísfirðingar urðu fyrir vonbrigðum með eftirlitsmenn í vetur og þá séstaklega á Unglingameistaramóti Íslands. Hann var ekki á staðnum þegar hann þurfti að taka ákvarðanir og ekki náðist í hann. Gerði hann athugasemdir 15 mínútum fyrir start. Það mun koma skýrsla til SKÍ eftir helgi um starf eftirlitsmanns á UMÍ. Ísfirðingar eru velta

Því fyrir sér hvert verið er að stefna. Það var ekki sendur eftirlitsmaður í göngu á UMÍ. Það þarf að skoða störf eftirlitsmanna.

- Kynning á dagskrá á Skíðamóti Íslands á Ísafirði 2008. Dagsetning sem lögð er til með fyrirvara er 27. – 30. mars 2008. Formaður mótstjórnar er Benedikt Hermannsson, er hann mættur á þingið. Það verður jafnvel komin snjóframleiðsla á Ísafirði þá.

Dagbjartur vildi ræða 2 atriði:

Í þingskjal nr. 6 stendur að mótshaldari þurfi að standast lágmarkskröfur SKÍ og vill hann koma með ábendingu um 2 atriði sem þurfa að vera þar.

- Nokkrir km. af snjógirðingum á staðnum.
- Snjóframleiðslukerfi.

Það vantar inn hjá skíðahreyfingunni reglugerð um samskipti milli mótshaldara og eftirlitsmanns. Hver tekur hvaða ákvörðun. Óskar eftir því að reglur um eftirlitsmenn fyrir mótshaldara og eftirlitsmenn verði settar fram. Það hafa komið allskonar eftirlitsmenn á vegum FIS og þar eru stífar reglur um hvað hver á að gera og óskar hann eftir sambærilegum reglum frá SKÍ.

Björn Þór mótmælir því að það þurfi snjóbyssur til að halda mót. Það eru til lítil skíðasvæði sem geta ekki staðist það en hafa staðið sig vel í mótshaldi. Sum skíðasvæði þurfa ekki snjóbyssur. Stóru héruðin mega ekki vaða yfir þau minni.

Árni Sæmundsson, varðandi um skír samskipt mótshaldara og eftirlitsmann er bara gott mál. Mótshaldari þarf að hafa eftirlitsmann í sínum röðum. Það þarf að senda eftirlitsmenn úr hverju héraði.

Óskar Óskarsson, beinir þeim tilmælum að handbókin komi fyrr út. Ósk til stjórnar SKÍ, að skrifstofa SKÍ verði flutt út á land.

18. Þingslit

Daníel Jakobsson tók til máls. Hann lýsti ánægju yfir því að geta skilað til baka því sem hann fékk sem keppandi með því að taka þátt í stjórnarstarfi SKÍ. Bað hann stjórnarmenn um að standa upp og kynnti þá. Hvatti fólk að tilnefna í nefndir og stjórn SKÍ til að hafa áhrif og fá fleiri sjónamið. SKÍ þarf að halda mótshaldaranámskeið til að skerpa á umgjörð um mótin og kynningum þeirra. Er ekki mótfallin því að flytja skrifstofuna út á land en vill frekar benda á að héruð geta tekið að sér viss verkefni fyrir SKÍ, eins og t.d. eftirlitsmannamál, fræðslumál. Passa að koma með jákvæðar athugasemdir, útrýma neikvæðni. Hrósar Akureyringum fyrir að skrifa niður málefnalegar athugasemdir og sendar í stað símtala á kvöldin. Þakkar Kristínu og Ómari fyrir góð störf og Erni en hann er að fara í varastjórn. Mikilvægasta mál skíðaíþróttarinnar í dag er að efla aðstöðu í Reykjavík því það mun skila sér um allt land. Skorar á SKRR að halda málþing um stöðu mála í Reykjavík. Eina leiðin er að allir standi saman og skoða alla kosti. Það þurfa allir að tala sama máli og vinna saman. Það er ólíðandi að það sé talað um að skíðamannvirki þurfi að standa undir sér þegar enginn önnur mannvirki þurfa þess. Þakkar þingheimi fyrir frábært þing og hvetur til samstöðu. Skoða hvernig við náum til barnanna þá munu foreldrarnir fylgja.

Skíðaþingi 2007 slitið kl. 11,50

Limra á þingi:

Við ávalt erum að peningum að leita
Þvi auraskjóðan er oftast mjó
Við ættum kannski nýju trikki að beita
Að flytja inn og fara að selja snjó
Örn Kjartansson